

## Úrskurður nr. 3/2002

- Upprunavottorð
- Endurákvörðun

**Tollstjóri endurákvæðar gjöld af sex vörusendingum þar sem innflyjandi gat ekki staðfest upprunavottorð og notið fríðindameðferðar samkvæmt EES samningnum. Umboðsmaður kæranda gerir kröfu um að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Ríkistollanefnd staðfesti endurákvörðun tollstjóra.**

Lög nr. 55/1987 tollalög 100.gr. og 101. gr. Lög nr. 37/1993 stjórnsýslulög, 10. gr.

Með bréfi, dags.17. janúar 2002, sem barst ríkistollanefnd 22. s.m., mótmælir L, f.h. P hf. (áður XX, úrskurði ríkistollanefndar nr. 1/2002 þar sem nefndin vísaði málinu frá á grundvelli þess að kærufrestur væri liðinn er málið barst nefndinni. Nefndarmenn hafa farið yfir málið á ný með tilliti til athugasemda kæranda og ákveðið að taka það til efnislegrar meðferðar, enda bar síðasta skiladag upp á frídag, nánar tilgreint annan dag jóla, þannig að fresturinn lengdist sem því nam.

Kærður er úrskurður tollstjóra frá 26. október 2001. Í nefndum úrskurði eru gjöld endurákvörðuð af sex vörusendingum er innihéldu Pókemon-spil en kærandi hefur ekki fært sönnur á uppruna varanna og getur af þeim sökum ekki notið tollfríðindameðferðar á grundvelli EES-samningsins. Umboðsmaður kæranda gerir kröfu um að úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi. Að beiðni kæranda veitti ríkistollanefnd honum frest til 15. febrúar 2002 til að afla viðbótargagna í málinu, þar sem umbjóðandi hans vann að gagnaöflun vegna málsins í Danmörku.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra frá 26. október 2001 segir m.a. að með bréfi, dags. 21. júní til fyrirtækisins hafi því verið gerð grein fyrir því að fyrirhugaður væri úrskurður vegna innflutnings á Pókemon-spilum þar sem ekki hafi verið færðar sönnur á uppruna vörunnar í eftirtöldum sendingum:

F 205 19 05 0 DK CPH U761  
E THR 23 05 0 DK CPH W424  
F 785 30 09 0 BE LGG V524  
F 217 31 08 0 DK CPH 7266

F 787 01 10 0 BE LGG V550  
F 205 19 09 0 DK CPH V313  
F 217 30 05 0 DK CPH U124

Var fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta. Var haft samband við embættið fyrir hönd fyrirtækisins vegna þessa máls, og m.a. óskað eftir frekari upplýsingum. Með bréfi embættisins, dags. 13. september s.l., var fyrirtækinu sent afrit af bréfi danskra tollyfirvalda til embættisins. Jafnframt var fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins veittur 15 daga frestur til þess að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta. Hafa engin gögn né andmæli borist embættinu. Fram kemur í hinum kærða úrskurði að í samvinnu við dönsk tollyfirvöld var kannaður uppruni á

Pókemon-spilum frá Midgaard Distribution í umræddum sendingum. Fram kom hjá dönskum tollyfirvöldum að hinn erlendi seljandi hafi ekki fært sönnur á uppruna varanna. Uppruni varanna telst því óstaðfestur og af þeim sökum geta vörurnar ekki notið fríðindameðferðar á grundvelli EES-samningsins. Með vísan til þessa breytir tollstjóri B tolli í A toll á aðflutningsskýrslu vegna framangreindra sendinga. Við breytinguna hækka aðflutningsgjöld um kr. 2.375.493,00 ásamt dráttarvöxtum.

Eins og fram kemur hér að ofan óskaði umboðsmaður kæranda eftir því að fá frest til 15. febrúar 2002 til að afla frekari gagna í málinu. Ríkistollanefnd sendi honum gögn þau er nefndin aflaði hjá tollstjóra til umsagnar. Ríkistollanefnd barst kröfugerð kæranda með bréfi þann 25. mars s.l. Þar ítrekar hann kröfu umbjóðanda síns um að úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi m.a. vegna þess að tollstjóra hafi verið óheimilt að endurákvarða aðflutningsgjöld á greindum vörusendingum þar sem allir frestir sem hann hafði til endurákvörðunar hafi verið löngu liðnir er hann tilkynnti um fyrirhugaða endurákvörðun. Tollstjóra hafi borið að tilkynna innflytjanda um fyrirhugaða endurákvörðun eigi síðar er 45 dögum eftir að afhending vörunnar var heimiluð, sbr. 3. mgr. 99. gr. laga nr.55/1987 og ennfremur að taka ákvörðun um endurákvörðun innan 60 daga, sbr. 2. mgr. Ekki stoði að vísa til undantekningarreglu 1. tl. 5. mgr. 99. gr. laga nr.55/1987. Þá heimild verði að skýra þröngri skýringu, þannig að ekki verði séð að framlögð gögn og upplýsingar sem lögð voru fram af hálfu umbjóðanda míns við tollafgreiðslu, hafi verið áfátt að neinu því leyti sem máli skipti í því sambandi.

Síðan segir í kærinni: "Telji ríkistollanefnd, að heimilt hafi verið að taka þetta mál upp að nýju með vísan til 1. tl. 5. mgr. 99. gr. laga nr.55/1987 hefur tollstjóri allt að einu glatað rétti sínum til endurákvörðunar aðflutningsgjalda með því að hann hefur ekki svo séð verði gætt ákvæða 3. og 4. mgr. við þá efnismeðferð, sem þó er gerð krafa um í fyrsta málslið 5. mgr. Tollstjóra var falið af tollendurskoðanda að endurákvarða aðflutningsgjöldin með bréfi hans, dags. 14. mars 2001. Verður að telja að þann dag hafi byrjað að líða sá 60 daga frestur sem kveðið er á um í 2. mgr. 66. gr. laga nr.55/1987. Tollstjóra bar, skv. 3. mgr. 99. gr. laga nr.55/1987, að tilkynna umbj. mínum um fyrirhugaða endurákvörðun aðflutningsgjalda eigi síðar en 45 dögum frá upphafsdegi frestsins, eða hinn 30. apríl 2001 og kveða síðan upp endurákvörðunarúrskurð í síðasta lagi hinn 13. maí 2001. Umbjóðanda mínum var hins vegar ekki tilkynnt um fyrirhugaða endurákvörðun fyrr en með bréfi dags. 21. júní 2001 og voru þá allir frestir tollstjóra skv. framansögðu löngu liðnir."

Þá kemur fram að innflytjandi hafi verið algerlega grandalaus um hina meintu hnökra á upplýsingagjöf viðskiptaaðila síns um uppruna hinna innfluttu vara. Hann verði augljóslega fyrir fjártjóni vegna endurákvörðunar aðflutningsgjalda með því að hann hefur miðað við greidd aðflutningsgjöld í verðútreikningum sínum. Ekki sé hægt að hækka verð á seldum vörum eftir á. Þá telur kærandi að endurákvörðun aðflutningsgjalda verði ekki byggð á framlögðum gögnum þegar af þeirri ástæðu að málið telst ekki nægjanlega upplýst en tollstjóra bar með vísun til 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 að rannsaka mál þetta í þaula. Ekki hafi verið aflað staðfests endurrits af leyfi útflutningsaðila nr.

04/96-239-00177, sem hann vísar til í yfirlýsingum sínum um uppruna vörunnar á öllum vörureikningum. Einnig telur hann að bréf danskra tollfyrivalda frá 21. febrúar 2001, sem tollstjórinn byggir á, en í því er vanheimild útflutningsaðilans gefin í skyn, sé ófullnægjandi grundvöllur fyrir endurákvörðuninni. Ekki sé í bréfinu nægjanleg tilvísun til hinna umdeildu vörusendinga og engin grein sé gerð fyrir því með hvaða hætti útflutningsaðilinn hafi misst tilvitnað leyfi til að lýsa yfir uppruna vöru. Að lokum segir í bréfi kæranda að hann telji að ríkistollanefnd geti ekki tekið endanlega ákvörðun í málinu með vísan til 9. mgr. 101. gr. laga nr. 55/1987 án þess að beina þeim tilmælum til tollstjóra að hann afli frekari gagna máli sínu til stuðnings.

Ríkistollanefnd sendi tollstjóranum í Reykjavík kröfugerð kæranda til umsagnar með bréfi þann 2. apríl s.l. Í svari sem barst nefndinni þann 15. apríl segir m.a. að innflytjandi hafi við innflutninginn lagt fram gögn (vörureikningur með upprunayfirlýsingu) og upplýsingum (beiðni um fríðindatoll í aðflutningsskýrslu) þess eðlis að varan teldist upprunavara skv. ákvæðum bókar 4 við EES samninginn og nyti því tollfríðinda við innflutning til Íslands. Þegar íslensk tollfyrivöld hafi látið kanna sannleiksgildi þessara upplýsinga hjá þar til bærum yfirvöldum í samræmi við ákvæði samningsins, sbr. 32. gr. bókar 4 við EES samninginn, hafi komið í ljós að þær voru rangar. Þeim upplýsingum og gögnum sem látin voru í té við tollafgreiðslu var því áfátt á þann veg að ekki var hægt að byggja á þeim rétta álagningu aðflutningsgjalda. Tollstjóri telur því að heimild hafi verið til þess að endurákvæða aðflutningsgjöld, sbr. 1. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga. Almennur 60 daga frestur 2. mgr. 99. gr. tollalaga eigi því ekki við í þessu máli.

Fram kemur í kröfugerð tollstjóra að áður en til endurákvörðunar hafi komið hafi tollstjóri tilkynnt innflytjanda, með bréfi dags. 21. júní 2001, um fyrirhugaða endurákvörðun í samræmi við ákvæði 3. mgr. 99. gr. tollalaga. Innflytjandi var greint frá ástæðum endurákvörðunar og gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og gögnum innan 15 daga. Innflytjandi hafði samband við embættið og óskaði eftir frekari gögnum, þ.m.t. svarbréfi danskra tollfyrivalda. Veittur frestur framlengdist því þar til embættið gat afhent umbeðin gögn, en það var gert með bréfi dags. 13. september 2001 og var þá enn veittur 15 daga andmælafrestur, eða til 28. september. Tollstjóri úrskurðaði síðan í málinu innan 30 daga frá lokum frestsins sem aðila var gefinn til að tjá sig eða þann 26. október 2001. Tollstjóri gætti því ákvæða 3. og 4. mgr. 99. gr. tollalaga, *eftir því sem við átti*, sbr. 5. mgr.

Tollstjóri fellst ekki á að tollfyrivöld hafi dregið úr hófi að ákvarða í málinu. Tollfyrivöld fá vissu fyrir rangri tollafgreiðslu í mars 2001 og tilkynna innflytjanda um fyrirhugaða endurákvörðun þann 21. júní. Frá þeim tíma byrji frestir að telja. Með vísan til 4. mgr. 99. gr. tollalaga skal tollstjóri hafa lokið endurákvörðun innan 30 daga frá lokum þess frests sem hann veitti innflytjanda til að tjá sig um fyrirhugaða breytingu. Innflytjandi óskaði tiltekinna gagna og stafaði viðbótarfresturinn af viðleitni tollfyrivalda að verða við þeirri beiðni hans.

Þá segir í kröfugerð tollstjóra, varðandi þá fullyrðingu kæranda að málið teljist ekki nægjanlega upplýst til að réttlæta endurákvörðun aðflutningsgjalda, að innflytjandi fari fram á fríðindameðferð við innflutning, þ.e. hann fari fram á það að sleppa við að greiða venjubundna tolla af innflutningnum á þeim forsendum að varan sem hann sé að flytja inn njóti sérstakra fríðinda á grundvelli EES samningsins. Því til sönnunar leggi hann fram vörureikning með yfirlýsingu útflytjandans þess efnis að varan teljist upprunnin á EES svæðinu og að hún þar með fullnægi skilyrðum samningsins til þess að njóta þessara fríðinda. Hluti EES samningsins fjallar um frjálsa vöruflutninga milli samningsaðila. Samningurinn tekur þó einungis til framleiðsluvara sem eru upprunnar í ríkjum þeirra, sbr. 2. mgr. 8. gr. samningsins.

Kveðið er á um upprunareglur í bókun 4, sjá 1. mgr. 9. gr. samningsins. Bókun 4 tiltekur því hvaða skilyrði þarf að uppfylla til þess að geta notið þeirra fríðinda sem samningurinn býður upp á. Almennar kröfur 1. mgr. 15. gr. bókunarinnar tataka að „við innflutning til eins samningsaðila skulu upprunavörur í skilningi þessarar bókunar njóta hags af samningnum gegn framvísun:

- a) a) EUR.1-flutningsskírteinis, samkvæmt fyrirmynd í III. Viðauka; eða
- b) b) Í þeim tilvikum sem frá er greint í 1. mgr. 20. gr. yfirlýsingar útflytjanda, en texta hennar er að finna í IV. Viðauka, sem gefin er á vörureikningi, afhendingarseðli eða öðru því viðskiptaskjali sem lýsir viðkomandi vöru nægilega vel til þess að hægt sé að bera kennsl á hana (hér eftir nefnd „yfirlýsing á vörureikningi“).

Það er réttur innflytjanda upprunavara að njóta hags af samningnum gegn framvísun ákveðinna skjala. Innflytjandinn framvísaði slíku skjali við innflutninginn og naut því fríðinda á grundvelli m.a. þessarar greinar.

Síðan segir í kröfugerð tollstjóra að bókunin kveði ekki einungis á um rétt innflytjandans til fríðinda, heldur líka um skyldur hans og útflytjandans, til að geta sannað uppruna vörunnar. Skilyrðin fyrir því að útflytjandi megi gefa út yfirlýsingu á reikningi sé að finna í 20. gr. bókunarinnar, en 2. mgr. hljóði svo: „Heimilt er að gefa út yfirlýsingu á vörureikningi ef viðkomandi framleiðsluvörur teljast upprunnar á EES eða í einu landanna sem um getur í 3. gr. og fullnægja öðrum kröfum þessarar bókunar.“ Jafnframt er í 3. mgr. greinarinnar kveðið á um skyldu útflytjandans til þess að geta sannað upprunarétt vörunnar fyrir tollyfirvöldum í útflutningslandinu. Bókunin kveður jafnframt á um gagnkvæma aðstoð tollyfirvalda til að sannreyna áreiðanleika upprunasannana, 31. gr., og að tollyfirvöld útflutningslandsins framkvæmi sannprófun að beiðni yfirvalda innflutningslandsins, 32. gr.

Útflytjandinn gaf út reikninga með upprunayfirlýsingu eins og hann væri útflytjandi, viðurkenndur af dönskum tollyfirvöldum til þess að gefa út slíka yfirlýsingu óháð verðmæti upprunavöru í sendingunni, sbr. 21. gr. bókunar 4 við EES samninginn. Þessu til staðfestingar gaf hann upp númer sitt í yfirlýsingunni. Dönsk tollyfirvöld, sem ein geta gefið dönskum útflytjendum slíka viðurkenningu, fullyrða að fyrirtækið hafi ekki slíka heimild. Allar slíkar yfirlýsingar útflytjandans séu því óheimilar og þegar af þeirri ástæðu ekki

gildar sem sönnun fyrir uppruna vörunnar og þar með fríðindarétti hennar. Ennfremur gat útflytjandinn ekki, að sögn danskra tollfyrivalda, sýnt fram á uppruna þessara vara eins og honum ber þó að geta gert sbr. 2. og 3. mgr. 20. gr. bókunar 4 við EES samninginn. Hann hafði því enga heimild til þess að gefa út upprunayfirlýsingu þar sem ekki var fullnægt kröfum 2. mgr. 20. gr. bókunarinnar um að útflytjandinn eigi að geta sannað uppruna vörunnar hvenær sem er. Útflytjandinn hafði ekki heimild danskra tollfyrivalda til þess að gefa út yfirlýsingu á reikningi um uppruna með heimildarnúmeri tollfyrivalda, eins og hann þó gerði. Útflytjandinn gat ekki heldur sannað uppruna vörunnar og hafði því enga heimild samkvæmt EES samningnum til þess að gefa út neins konar sönnun á uppruna. Dönsk tollfyrivöld benda jafnframt á að geti fyrirtækið sannað upprunarétt vörunnar munu þau gefa út EUR. 1 flutningsskírteini eftir á því til sönnunar. Slík skírteini hafa ekki borist tollfyrivöldum hér á landi. Með vísan til ofanritaðs og forsendna hinnar kærðu endurákvörðunar krefst tollstjóri þess að hún verði staðfest.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið, farið yfir þau gögn sem henni hafa borist og aflað gagna frá tollstjóranum í Reykjavík er tengjast málinu.

Kærandi krefst ógildingar á úrskurði kæranda. Byggir hann m.a. á þeim forsendum að almennur 60 daga frestur tollstjóra sbr. 2. mgr. 99. gr. tollalaga til að ljúka endurákvörðun gjalda hafi verið liðinn. Þá telur kærandi að tollstjóra hafi ekki verið heimilt að endurákværða gjöld á grundvelli 1. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga jafnframt því sem hann hafi ekki gætt ákvæða 3. og 4. mgr. 99. gr. tollalaga við ákvörðun sína. Með vísan til rökstuðnings tollstjóra hafnar ríkistollanefnd kröfu kæranda. Ljóst er að sá dráttur sem kann að hafa orðið á málinu er að miklu leyti til kominn vegna beiðni kæranda um fresti til að upplýsa málið.

Innflutningur sá sem hér er til umfjöllunar átti sér stað á árinu 2000. Umbjóðandi kæranda flutti inn svonefnd "Pokémon" spil frá danska fyrirtækinu Midgaard Distribution A/S. Við tollafgreiðslu eru sendingarnar merktar í E dálk tollskrár sem merkir að vörunnar uppfylli ákvæði samningsins um evrópska efnahagssvæðið. Á aðflutningsskýrslum er vitnað í vottorð EUR 00177 því til sönnunar. Þá eru allar sendingarnar tollafgreiddar í svokallaðri ET (SMT) tollmeðferð. Í 1. mgr. 16. gr. tollalaga nr. 55/1987 er kveðið á um ábyrgð innflytjanda á upplýsingum sem gefnar eru með aðflutningsskýrslu, þar segir: "Sá sem sendir tollstjóra aðflutningsskýrslu um vöru með rammaskýti um gagnaflytningarnet vegna SMT-tollafgreiðslu ber ábyrgð á því að upplýsingar, sem þar eru veittar, séu réttar. Ennfremur ber hann ábyrgð á að um sé að ræða allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar og að þær séu byggðar á þeim tollskjölum sem hefði átt að leggja fram með aðflutningsskýrslu ef vöru hefði ekki verið ráðstafað til SMT-tollafgreiðslu. Þessi málsgrein tekur til innflytjanda og annarra sem ráðstafa vöru til SMT-tollafgreiðslu, auk aðila sem heimild hafa til að skuldbinda þá."

Þrátt fyrir margítrekuð tilmæli tollstjóra hefur umbjóðandi kæranda ekki getað fært sönnur á uppruna vöru þeirrar sem var í eftirtöldum sendingum:

E THR 23 05 0 DK CPH W424  
F 785 30 09 0 BE LGG V524  
F 217 31 08 0 DK CPH 7266.

F 205 19 09 0 DK CPH V313  
F 217 30 05 0 DK CPH U124

Uppruni varanna telst því óstaðfestur og getur af þeim sökum ekki notið fríðindameðferðar á grundvelli EES-samningsins. Með vísan til ofanritaðs og framkomins rökstuðnings tollstjóra staðfestir ríkistollanefnd hinn kærða úrskurð tollstjóra frá 26. október 2001.